

Doktorsvörn: Menningarlæsi – Hlutverk barnaefnis í uppeldi og menntun telpna og drengja í tveimur leikskólum

Hvenær hefst þessi viðburður:
16. mars 2012 - 13:00 to 15:00



Föstudaginn 16. mars nk. fer fram doktorsvörn við Uppeldis- og menntunarfræðideild Menntavísindasviðs. Þá ver Þórdís Þórðardóttir doktorsritgerð sína *Menningarlæsi – Hlutverk barnaefnis í uppeldi og menntun telpna og drengja í tveimur leikskólum*.

Andmælendur eru dr. Dagný Kristjánsdóttir prófessor við Háskóla Íslands og dr. Ingólfur V. Gíslason, dósent við Háskóla Íslands. Aðalleiðbeinandi er dr. Guðný Guðbjörnsdóttir prófessor í Uppeldis- og menntunarfræðideild Háskóla Íslands. Í doktorsnefnd Þórdísar eru auk aðalleiðbeinenda þær dr. Jóhanna Einarsdóttir prófessor við Kennaradeild og dr. Sigrún Aðalbjarnardóttir prófessor við Uppeldis- og menntunarfræðideild, báðar við Háskóla Íslands.

Dr. Hanna Ragnarsdóttir, dósent og deildarforseti Uppeldis- og menntunarfræðideildar Menntavísindasviðs, stýrir athöfninni sem fer fram í Hátíðarsal Háskóla Íslands í Aðalbyggingu og hefst klukkan 13.00.

Um ritgerðina

Menningarlæsi

Hlutverk barnaefnis í uppeldi og menntun telpna og drengja í tveimur leikskólum

Um er að ræða blandaða rannsókn á menningarlæsi elstu barnanna í tveimur leikskólum í Reykjavík. Menningarlæsi leikskólabarna er sú þekking á barnaefni sem gagnaðist börnunum sem tóku þátt í rannsókninni til virkar þátttöku í samræðum, leik og skapandi starfi í leikskólunum og færði þeim jafnframt virðingarsess í jafningjahópnum.

Markmiðið með rannsókninni var að skapa nýja þekkingu á hlutverki barnaefnis í uppeldi og menntun íslenskra leikskólabarna sem gæti gagnast leikskólakennurum til að draga úr menningar- og félagslegri mismunun í leikskólum.

Fræðilegur rammi byggist á *iðjukenningu* Pierre Bourdieu um það hvernig beiting þekkingar á vettvangi ræðst af leikreglum og veruháttum sem hrinda af stað iðju, og hugtakinu *virðingarsess* í skilningi Beverly Skeggs sem skýrir hvernig viðurkennd iðja skapar virðingarsess.

Niðurstöður benda m.a. til að um 70% þeirra 68 barna sem ræddu barnaefni í viðtölum og samræðustundum búi yfir afburða eða góðri þekkingu á helstu tegundum barnaefnis. Þau lýstu söguþræði, útliti, eiginleikum, hneigðum, aðstæðum og tengslum sögupersóna. Sígilt barnaefni, að íslenskum þjóðsögum meðtöldum, virtist skapa tækifæri til að öðlast skilning á gildum og siðum eins og til dæmis samkennd, réttlátri málsmeðferð, rétti til að fylgja sannfæringu sinni og nauðsyn þess að fylgja almennum umgengnisreglum. Fjölþjóðlegt afþreyingarefni fyrir börn reyndist hinsvegar uppspretta staðalmynda sem börnin notuðu til að skipa einstaklingum í flokka sem birtist meðal annars í því að börn af íslenskum uppruna útilokuðu börn af erlendum uppruna í samræðum um íslenskar þjóðsögur. Þekking barna af erlendum uppruna virtist þöggvað þegar þau vísuðu til upplifana sem stóðu utan við daglega reynslu barna af íslenskum uppruna af íslenskri menningu.

Barnabækur, mynddiskar og tölvuleikir voru algeng á heimilum barna og börnin vörðu lengri tíma í áhorf en að hlusta á upplestur úr bókum en skemmstum tíma í tölvur. Notkun heimilanna á barnaefni réðst helst af kyni barna. Skipta mátti vali foreldra á barnaefni í fimm klasa eftir vali þeirra á barnaefni. Klasarnir gáfu til kynna mismunandi veruhætti í fjölskyldunum en þeir birtust þvert á menntun foreldranna.

Þekking á barnaefni sem staðfest var af jafningjahópnum færði börnunum sem yfir henni réðu virðingarsess sem telst vera mælikvarði á menningarlausni þeirra. Gagnlegasta þekkingin sem börnin beittu í leik tengdist aðgengi þeirra að afþreyingarefni heima fyrir og möguleikum sem sköpuðust til að vinna úr henni í leikskólunum.

Beiting þekkingarinnar virtist lituð af staðalmynduðum væntingum barnanna um hegðun kynjanna en þær virtust ráða hvernig þau flokkuðu barnaefni í telpu- og drengjaefni. Kennarar lýstu eiginleikum barnanna, í samræmi við þann virðingarsess sem þau öðluðust vegna staðfestinga jafningjahópsins á þekkingu þeirra á barnaefni. Fram kom að sum börn voru fær um að efast um réttmæti viðtekinna venja eins og staðalmynda kynjanna ef tækifæri gáfust. Rannsóknin getur haft gildi fyrir lýðræðisleg samskipti í leikskólum, hlutverk barnaefnis í uppeldi og menntun ungra barna, fyrir fagmennsku og uppeldissýn leikskólakennara, framtíðarsýn stefnumótenda og rannsóknir á sviðinu.

Rannsóknin var styrkt af Rannís, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands og Norrænu ráðherranefndinni.

Um doktorsefnið

Þórdís Þórðardóttir er fædd í Reykjavík 1951. Hún lauk prófi frá Fósturskóla Íslands 1974, stúdentsprófi frá Fjölbrautarskólanum í Breiðholti 1986, diplóma í stjórnun og skipulagningu menntastofnana frá Social Pædagogiske Højskole í Kaupmannahöfn 1989, BA-prófi í uppeldis- og menntunarfræði frá Háskóla Íslands 1993, prófi til kennsluréttinda frá Háskóla Íslands 1995 og M.Ed.-prófi frá Kennaraháskóla Íslands 2000. Þórdís hóf nám til doktorsgráðu við Félagsvísindadeild Háskóla Íslands árið 2004.

Þórdís hefur sinnt ýmsum störfum innan menntakerfisins, t.d. kennt á öllum fjórum skólastigunum, verið leikskólastjóri og sinnt sérstökum stjórnunarverkefnum fyrir leikskólasvið Reykjavíkur. Hún kenndi við Fósturskóla Íslands frá 1995 og við Kennaraháskóla Íslands eftir 1998 þegar skólarnir sameinust. Þórdís varð lektor við þá stofnun og Menntavísindasvið Háskóla Íslands frá sameiningu háskólanna.

Þórdís tók þátt í rannsókninni *Raddir barna á vegum RannUng*, Rannsóknarstofu í menntun ungra barna. Hún var ábyrgðarmaður rannsóknarhóps um kynjafræði í KHÍ og aðili að rannsóknarhópi um fjölmenningu KHÍ og ein af þremur ritstýrum bókarinnar *Kynjamyndir í skólalastarfi* (2005).

Þórdís á þrjú börn; Ragnhildi, Guðrúnu Helgu og Þórð Albert og tvö barnabörn Þór Jökul og Þórdísi Tinnu.

Cultural literacy The role of children's literature and popular culture in early childhood education

This mixed method study, examined the cultural literacy of four and five year-old children at two preschools in Reykjavik. The research design included mixed methods. Preschool children's cultural literacy is defined as the knowledge of children's literature and popular culture which enables children to actively participate in conversation, play and creative work at preschool. The aim of the study was to create new knowledge of how children's literature and popular culture can serve as resources for preschool teachers who want to emphasise equality and reduce cultural and social discrimination in preschools.

The theoretical framework has its roots in Pierre Bourdieu's theory of practice and Beverly Skeggs' concept of respectability, which is based on how legitimate knowledge is established by legitimated rules in a field; together with habitus, these rules trigger respectable practice.

The findings indicate that 70 per cent of the 68 children participating in interviews and discussion lessons had good or outstanding knowledge of common children's literature and popular culture. The children described the story lines and the appearance, attributes, dispositions, situations and relations of the story characters and compared the content of the stories to their own experiences. Classical children's literature appeared to be a useful way of picking up values and cultural practices, such as empathy, even-handed treatment, the right to follow one's persuasion, and practical rules of orderliness. Popular culture was found to be a source for stereotypes, used for ranking people into categories. Icelandic folktales seemed to actuate children, with Icelandic background, to learn about nationality and circumstances in "olden-day Iceland", while children with other ethnic background were uninterested and silenced when connecting their knowledge to experiences outside the Icelandic cultural traditions.

The consumption patterns of children's literature and popular culture in children's homes indicate that children's literature, DVDs and computer games were common in the homes, and that the parents' choices of these materials appeared to be linked to children's gender. The parents' taste in children's literature and popular culture was grouped according to a hierarchical cluster analysis into five clusters. These different clusters could be clues to different family habitus across the mothers' education.

The results of this study suggest different access to children's literature and popular culture at home and variance in children's opportunities to express themselves about children's literature at preschool can influence preschool children's cultural literacy. Knowledge of popular culture from home seemed to be important to gain enough peer-group confirmation to be evaluated as respectable pre-schoolers. The teachers' descriptions of the children participating were congruous with the respectability highlighted in the peer-group confirmations. Girls' knowledge seemed to be moulded by stereotyped ideas of relationships and femininity, while boys' knowledge appeared to be based more on ideas of heroism and masculinity. Even though the teachers seldom discussed issues of equality and discrimination, some children seemed to be capable of questioning common gender stereotypes and roles when given the opportunity.

The findings shed new light upon potential implications for the role of children's material in following various contexts: for democratic communication in preschools, for professionalism in early childhood education, for future policy makers and for childhood studies in general.